

Snjómæling á Vatnajökli27. mars til 24. apríl 1951

Teikning nr. 1728 sýnir í millimetrum vatnsgildi vetrar-snjólagsins '50-'51 á Vatnajökli, eins og næst verður komist að það hafi verið 24. apríl 1951, samkvæmt þeim athugunum, er ég gerði sem þáttakandi í fransk-íslenska Vatnajökulsleiðangrinum 1951.

Við mælinguna voru notuð norsk snjómælitæki. Það torveld-aði mjög athuganirnar á nýsnævinu, hve hægt var haldið yfir jökulinn. Fyrstu mælingarnar voru teknar 27. mars, en þær síðustu 24. apríl, svo að nokkur snjór hlóðst á jökulinn á tímabilinu, sem taka verður tillit til, þegar einstakar mælingar eru bornar saman. Það bætti nokkuð úr skák, að á bakaleið var komið aftur í elstu mælingastaðina og þá gafst tækifæri til að athuga snjósöfnunina frá því mælingarnar hófust. Með hliðsjón af þeim athugunum eru jafngildislínurnar dregnar, sem teikningin sýnir. Dökku reitirnir sýna þá staði, þar sem grafið var niður úr vetrar-snjólaginu, niður á jökulísinn eða hjarnið frá síðastliðnu sumri.

Eldri snjómælingar á Vatnajökli benda í þá átt, að aðal snjósöfnunin sé í hliðum hans að sunnan (1000-1300 m y.s.), en fari svo ört minnkandi því lengra sem dregur norður á jökulinn, samb. Vatnajökull, Scientific Results of the Swedish-Icelandic Investigations '36-'38 (Hans Wilson Ahlmann og Sigurður Þórarinsson). En veturinn '50-'51 hefur snjósöfnunin aftur á móti orðið mest á mið- og norður jöklínnum. Mælistærnir eru of fáir og dreifðir til þess að snjómælingunum seu gerð full skil, enda var aðalhlutverk leiðangursins að mæla þykkt jökulíssins, sem sat því í fyrir rúmi. Þegar athuguð er, hversu snjórinn var misskiptur á jöklinum eins og teikningin sýnir, er ástæða til að hafa í huga, að

veturinn '50-'51 var sérstaður í sinni röð fyrir stöðuga N- og NA-átt. Vetursins verður minnst sem eins þess harðasta, sem komið hafur um langt árabil. Það eru mörg atriði, sem valda mis-skiptingu snjólagsins á jöklínunum og skal hér bent á það helzta.

1. Það er eðlilega meiri snjór á hájöklínunum vegna þess, að þar festir snjó fyrr að haustinu og leysing hafst þar síður að sumrinu heldur en niður á lágum skriðjökultungunum. Á mið- og norður~~verðum~~ jöklínunum mun snjóa í hverjum mánuði, jafnvel um hásumarið.
2. Þá vex úrkoman með hæð staðarins yfir sjó, t.d. vex ársúrkoman eitthvað nálægt  $1\frac{1}{2}$  mm við eins metra hækjun lands, þar sem staðhættir eru áþekkir íslenzku fjallendi. Þó ber þess að gæta, að í háum fjöllum tekur aftur að draga úr úrkumunni, þar sem loftið er kalt að staðaldri og getur því ekki tekið og flutt nema lítinn raka.
3. Á Vatnajökli er suðlæg átt hlý og mjög rakasöm, einkum á syðri hluta jöklusins. Norðlag er svöl og purrari, úrfelli er þá aðallega á nyðri nelming jöklusins. Veturinn '50-'51 var N- og NA-átt ríkjandi.
4. Ríkjandi vindátt er mikils ráðandi um snjósöfnunina ~~þax~~ sem hún flytur úrkomuna inn yfir jökulinn, þá skefur hún purran og nýfallinn snjó langar leiðir. Veturinn '50-'51 hefur snjór því átt að safnast á staði, sem liggja í hléi fyrir N- og NA-átt. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á að gera greinar-mun á úrkumu og snjómagni hvers staðar.  
auk þess
5. Það er sífelliðum breytingum háð, hve snjórinn er purr og léttur svo að vindar nái til að feykja honum. Um nokkurt árabil fyrir '50-'51 voru returnir mildir. Þá ringdi og leysti snjó og ís oft og tíðum á skriðjökultungunum við suðurröndina, ~~bleautur~~

í miðjum hliðum jökulsins hlóðst niður blautur snjór, er lá þar sem hann var kominn, en uppi á hábungunum setti niður þurran og þá um leið léttan snjó, sem gat auðveldlega þyrlast til. Af þessu má draga þá ályktuð, að snjósöfnunin hafi orðið mest á belti í hliðum jökulsins, þar sem oft bleytí í snjó, án þess að leysa til muna. Á það svæði má ætla, að skafið hafi meira en fokið hefur í burtu.

Veturinn '50-'51 var óvenjukaldur, eins og áður er sagt. Frost héldust mánuðum saman allt niðurá lægstu og syðstu jökulsþorða, svo að hvarvetna var nýfallinn snjór, þurr og léttur, sem N-NA- veður feyktu auðveldlega til. Þennan veturnar er því vart um að ræða nein ólík belti í þessu tilliti, eins og mun vera í venjulegri og umhleypingasamri veðrattu.

Brúnir skriðjöklanna voru snjólausar, ekki eingöngu á Skeiðarár- og Breiðamerkurjökli, heldur einnig á Köldukvíslajökli og var þar hvervetna skafið niður í glært svell. Niður á sandana sunnan við jökulinn skóf mikinn snjó, þar sem fjöll í jökulröndinni skýldu ekki fyrir norðanáttinni. Ótalinn er sá snjór, sem dreif til hafs. Í Vonarskarði og vestur um Hágöngur var lítill snjór.

Þar sem teikningin á aðeins að sýna snjólaggið á Vatnajökli eins og það var 24. apríl 1951, má ekki taka þessar niðurstöður sem heildarmagn snjósöfnunartímabilsins '50-'51, því að snjósöfnun mun hafa haldið áfram fram eftir vori, einkum á mið- og norðurhluta jökulsins. Það væri ástæða til að gera þessu betri skil, bera t.d. þessar niðurstöður saman við veðurlýsingu Veðurstofunnar og leitast við að finna heildarsnjósöfnunina, jafnvel einnig ársúrkomuna o.s.frv. Slikt getur beðið betri tíma.

Fyrir nokkrum árum myndi það nafa verið talin goðgá að telja reglubundnar snjómælingar á Vatnajökli mögulegar, vegna erfiðleika og kostnaðar. Snjómælingar eru fyrst einhvers virði, að þær nái óslitið yfir nokkurt árabil og athugun eigi sjaldnar en tvisvar á ári - vor og haust. En nú horfir málið öðru visi við, ekki svo að skilja, að súkar niðurstöður berist þaðan að kostnaðarlausu, heldur er hin tæknilega aðstæða stórum breytt, þar sem góðar snjóbifreiðar eru komnar til sögunnar.

Eitt mesta vandamálið í sambandi við þessar mælingar, sem teikningin sýnir, var að ákveða mörkin milli ársluganna, en við það naut ég leiðbeiningar Jóns Eyþórssonar, er fengið hefur mikla reynslu af snjómælingum. Viða var hægt að fara eftir ryklagi í snjónum, einkum neðan við snælinu, en þegar sliku var ekki til að dreifa, var ákvörðunin grundvölluð á ásigkomulagi hjarnlaganna og stærð krystallanna. En sé reglubundnum og samfelldum snjómælingum komið á, verður að setja niður stálpipur eða aluminium stangir með fótplötum og mæla svo við stangirnar ár eftir ár, þá er hægt með vissu að greina milli ársluganna. Þá segja stangirnar einnig til um hreyfingu jöklusins. Rétt væri að fára þær til baka árlega um það sem þær skríða fram, því að það þarf hvort sem er að laga stöðu þeirra á hverju hausti. Stöng, sem er ofan við snælinu þarf að lifta upp, en aftur á móti að sökkva í hjarnið stöng, sem er neðan við snælinu; aðeins þær stangir, sem eru á snælinumörkunum fljóta fram án þess að sökkva í jökulinn eða koma upp, fyrr en þær hafa fluttst niður fyrir snælinu.

Sigurjón Rist  
(sign.)